

Sparisjóðurinn í Keflavík

Ársreikningur 2006

Sparisjóðurinn í Keflavík
Tjarnargötu 12
230 Keflavík

kt. 610269-3389

Sparisjóðurinn í Keflavík

Ársreikningur 2006

Efnisyfirlit

Áritun endurskoðenda	2
Skýrsla stjórnar.....	3
Rekstrarreikningur.....	4
Efnahagsreikningur	5-6
Yfirlit um sjóðstreymi	7
Skýringar	8-19

Áritun endurskoðenda

Til stjórnar og stofnfjáraðila Sparisjóðsins í Keflavík.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Sparisjóðsins í Keflavík fyrir árið 2006. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um fjármálafyrirtæki. Samkvæmt því ber þeim að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og reikningshaldslegu mati miðað við aðstæður.

Ábyrgð endurskoðenda

Ábyrgð okkar felst í því álitum sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum, skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og skýringum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sjóðsins sem varðar gerð og framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits sparisjóðsins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sjóðsins á árinu 2006, efnahag hans 31. desember 2006 og breytingu á handbæru fé á árinu 2006, í samræmi við lög.

Reykjanesbær, 5. febrúar 2007

Deloitte hf.

Páll Grétar Steingrímsson
endurskoðandi

Þorvarður Gunnarsson
endurskoðandi

Skýrsla stjórnar og sparisjóðsstjóra

Ársreikningurinn er samstæðureikningur Sparisjóðsins í Keflavík og dótturfélags hans. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um reikningsskil lánastofnana. Hann er í meginatriðum gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og undanfarin ár. Hagnaður varð af rekstri Sparisjóðsins, samtals að fjárhæð um 4.687 milljónir króna. Árið á undan varð hagnaður af rekstrinum um 1.150 milljónir króna.

Stjórn sjóðsins leggur til að greiddar verði 750 milljónir króna í arð til stofnfjáreigenda á árinu 2007 vegna ársins 2006. Auk þess er lagt til að nýtt verði heimild í lögum um sérstakt endurmat stofnfjár. Um aðra ráðstöfun hagnaðar og mat á helstu eignaliðum vísast í ársreikninginn.

Eigið fé Sparisjóðsins nam í árslok um 9.272 milljónum króna. Eiginfjárhlutfall samkvæmt ákvæðum 84. greinar laga um fjármálafyrirtæki var í árslok 14,17% en sambærilegt hlutfall árið áður var 12,42%. Stofnfé Sparisjóðsins nam 1.100 milljónum króna og voru stofnfjáraðilar 617.

Á árinu var meðaltal stöðugilda hjá sjóðnum 90,3 og námu launagreiðslur um 490 milljónum króna. Hlutabréfaeign Sparisjóðsins var í árslok 10.764 milljónir króna en var 4.467 milljónir í lok síðasta árs.

Stjórn Sparisjóðsins í Keflavík og sparisjóðsstjóri staðfesta hér með ársreikninginn með undirritun sinni.

Reykjanesbær, 5. febrúar 2007

Stjórn

Karl Njálsson
stjórnarformaður

Þorsteinn Erlingsson

Kristján Gunnarsson

Guðjón Stefánsson

Ingimundur Þ. Guðnason

Sparisjóðsstjóri

Geirmundur Kristinsson

Rekstrarreikningur árið 2006

	Skýr.:	2006	2005
Vaxtatekjur			
Vaxtatekjur af kröfum á lánastofnanir		111.545.291	76.667.528
Vaxtatekjur af útlánunum		4.128.957.603	2.450.273.677
		4.240.502.894	2.526.941.205
Vaxtagjöld			
Vaxtagjöld til lánastofnana		176.811.306	149.823.886
Vaxtagjöld af innlánunum		1.714.314.814	870.668.033
Vaxtagjöld af verðbréfaútgáfu		1.625.311.139	573.617.488
Önnur vaxtagjöld		79.084.572	57.004.911
		3.595.521.831	1.651.114.318
Hreinar vaxtatekjur		644.981.063	875.826.887
Aðrar rekstrartekjur			
Tekjur af hlutabréfum og öðrum eignarhlutum	12-13	1.257.150.770	219.914.061
Þóknunartekjur	27	369.284.342	314.415.745
Þóknunargjöld		(80.881.307)	(70.749.583)
Gengishagnaður (tap)	28	5.040.580.937	1.296.278.085
Ýmsar rekstrartekjur	29	27.440.686	11.023.346
		6.613.575.428	1.770.881.654
Hreinar rekstrartekjur		7.258.556.491	2.646.708.541
Önnur rekstrargjöld			
Laun og launatengd gjöld	30-32	628.814.973	451.820.664
Annar almennur rekstrarkostnaður		604.003.269	448.294.023
Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna	14	16.644.918	19.360.435
Ýmis rekstrargjöld		8.442.271	5.272.630
		1.257.905.431	924.747.752
Hagnaður fyrir framlag til afskriftareiknings		6.000.651.060	1.721.960.789
Framlag til afskriftareiknings útlána	8	383.764.921	329.357.470
Hagnaður fyrir skatta		5.616.886.139	1.392.603.319
Reiknaður tekjuskattur	21	(929.767.211)	(242.366.600)
Hagnaður ársins.....		4.687.118.928	1.150.236.719

Efnahagsreikningur

Eignir		Skýr.	31. 12. 2006	31. 12. 2005
Sjóður og bankainnstæður				
Sjóðir			160.551.984	87.761.054
Kröfur á lánastofnanir:	2			
Bundnar kröfur			417.750.000	395.000.000
Kröfur á lánastofnanir.....			982.438.420	919.614.257
			<u>1.560.740.404</u>	<u>1.402.375.311</u>
Útlán				
	3 - 8			
Útlán til viðskiptamanna.....			34.341.536.680	24.952.105.234
Fullnustueignir.....			177.401.085	214.795.061
			<u>34.518.937.765</u>	<u>25.166.900.295</u>
Markaðsverðbréf og eignarhlutar í félögum				
Markaðsskuldabréf og önnur verðbréf með föstum tekjum.....	9 - 10		508.134.259	450.107.678
Hlutabréf og önnur verðbréf með breytilegum tekjum.....	11		9.061.856.326	3.843.476.376
Hlutir í hlutdeildarfyrtækjum	13		1.701.932.726	623.803.866
			<u>11.271.923.311</u>	<u>4.917.387.920</u>
Aðrar eignir				
Rekstrarfjármunir:	14			
Fasteignir			267.012.893	141.641.371
Húsbúnaður og skrifstofuáhöld og bifreiðar.....			82.533.610	90.782.246
Viðskiptavild			175.000.000	0
Ýmsar eignir.....			36.426.714	35.944.865
Fyrirframgreidd gjöld og áfallnar óinnheimtar tekjur.....			56.819.401	22.307.624
			<u>617.792.618</u>	<u>290.676.106</u>
Eignir			<u>47.969.394.098</u>	<u>31.777.339.632</u>

31. desember 2006

Skuldir og eigið fé

	Skýr.	31. 12. 2006	31. 12. 2005
Skuldir við lánastofnanir	17	<u>1.244.135.811</u>	<u>386.561.343</u>
Innlán	18		
Óbundin innlán.....		11.894.324.847	8.581.741.691
Bundin innlán.....		6.326.203.224	4.839.504.412
Sérstök innlán.....		<u>1.243.847.343</u>	<u>866.619.058</u>
		<u>19.464.375.414</u>	<u>14.287.865.161</u>
Lántaka	19	<u>13.617.368.932</u>	<u>10.635.705.875</u>
Aðrar skuldir			
Ýmsar skuldir.....		259.894.733	140.891.947
Áfallin gjöld og fyrirfram innheimtar tekjur.....		<u>62.902.656</u>	<u>44.615.998</u>
		<u>322.797.389</u>	<u>185.507.945</u>
Reiknaðar skuldbindingar			
Lífeyrisskuldbindingar.....	23	962.700.000	542.706.701
Tekjuskattsskuldbinding.....	21-22	<u>1.513.811.396</u>	<u>580.272.789</u>
		<u>2.476.511.396</u>	<u>1.122.979.490</u>
Víkjandi lán	24	<u>1.571.842.702</u>	<u>1.395.045.554</u>
Eigið fé	25-26		
Stofnfé.....		2.166.245.400	1.052.188.000
Óráðstafað eigið fé		<u>7.106.117.054</u>	<u>2.711.486.264</u>
Eigið fé alls		<u>9.272.362.454</u>	<u>3.763.674.264</u>
Skuldir og eigið fé		<u>47.969.394.098</u>	<u>31.777.339.632</u>

Utan efnahagsreiknings

Ábyrgðir vegna viðskiptamanna	35
Framvirkir samningar	35

Sjóðstreymi árið 2006

	Skýr.:	2006	2005
Rekstarhreyfingar			
Hagnaður ársins.....		4.687.118.928	1.150.236.719
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna		16.644.918	19.360.435
Framlag í afskriftareikning útlána		383.764.921	329.357.470
Gengisbreytingar og söluhagnaður		(5.059.942.120)	(1.021.307.653)
Hækkun (lækkun) lífeyrisskuldbindingar		87.947.455	73.835.408
Verðbætur og gengismunur af útlánum		(1.245.972.132)	(451.368.499)
Verðbætur og gengismunur af innlánum		1.826.900.671	391.745.621
Reiknaðir skattar		929.767.213	227.597.627
Hagnaður af hlutdeildarfélögum		(947.943.629)	(174.147.149)
Aðrar eignir lækkun.....		(18.301.424)	1.170.131
Aðrar skuldir hækkun (lækkun)		126.929.301	34.826.420
		<u>786.914.102</u>	<u>581.306.530</u>
Handbært fé frá rekstri			
Fjárfestingahreyfingar			
Útlán (hækkun)		(6.959.025.607)	(4.442.860.652)
Markaðsverðbréf (hækkun) lækkun		(58.026.581)	(72.841.534)
Fjárfest í varanlegum rekstrarfjármunum		(214.061.483)	(22.780.065)
Seldir fastafjármunir.....		0	8.890.767
Fjárfest í eignarhlutum í félögum		(1.076.319.975)	(1.382.230.097)
Seldir eignarhlutar í félögum		933.087.492	179.177.768
Fullnustueignir (hækkun) lækkun		(68.790.466)	56.282.941
		<u>(7.443.136.620)</u>	<u>(5.676.360.872)</u>
Fjárfestingarhreyfingar			
Fjármögnunarhreyfingar			
Innlán og veðdeildarbréf hækkun (lækkun)		5.134.992.113	5.725.569.106
Annað lánsfé (lækkun) hækkun		398.714.635	(2.796.810.483)
Tekið víkjandi lán		0	793.758.928
Greiddur arður		(137.236.873)	(75.192.867)
Greidd lífeyrisskuldbinding		(19.667.181)	(19.069.112)
Handbært fé innborgað við sameiningu		430.925.635	
Nýtt (endurgreitt) stofnfé		984.109.282	0
		<u>6.791.837.611</u>	<u>3.628.255.572</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
Hækkun (lækkun) handbærs fjár		135.615.093	(1.466.798.770)
Handbært fé í byrjun árs		1.007.375.311	2.474.174.081
		<u>1.142.990.404</u>	<u>1.007.375.311</u>
Handbært fé í lok ársins		1.142.990.404	1.007.375.311

Skýringar

Reikningsskilaaðferðir

1. Ársreikningurinn hefur að geyma samstæðureikning sparisjóðsins og dótturfélags hans. Ársreikningurinn er gerður eftir kostnaðarverðsaðferð í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um gerð ársreikninga viðskiptabanka, sparisjóða og annarra lánastofnanna og góða reikningsskilavenju á Íslandi. Við gerð ársreikningsins er í öllum meginatriðum fylgt sömu reikningsskilaaðferðum og á fyrra ári.

Dótturfélög eru þau félög þar sem sparisjóðurinn fer með yfirlit. Ársreikningur dótturfélaganna er innifalinn í samstæðureikningi sparisjóðsins frá því yfirlit hefst og þar til þeim lýkur. Stöður milli samstæðufélaga, viðskipti og hagnaður sem myndast hefur af viðskiptum á milli þeirra er felldur út í samstæðureikningnum.

Gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gildandi gengi þess dags sem viðskiptin fara fram. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur miðað við gengi í lok ársins og er gengismunur færður yfir rekstrarreikning.

Skráning tekna

Vaxtatekjur eru færðar í rekstrarreikninginn eftir því sem þær falla til. Hafi útlán verið meira en þrjú mánuði í vanskilum eða metin í sérstakri tapshættu er tekjufærsla vaxta af þeim hætt. Fjárhæðartengdar tekjur sem jafna má til vaxta, svo sem lántökugjöld, eru færð meðal vaxta, eftir því sem þær falla til.

Þóknunartekjur vegna þjónustu sjóðsins til viðskiptavina sinna eru færðar í rekstrarreikninginn á móti kostnaði við þjónustuna.

Veltuverðbréf eru færð á markaðsvirði og er breyting á virði þeirra ásamt arði af viðkomandi bréfum færð sem gengishagnaður af annarri fjármálastarfsemi. Hlutdeild í afkomu annarra félaga og arður af fjárfestingahlutabréfum er færður í rekstrarreikningi sem tekjur af hlutabréfum og öðrum eignarhlutum.

Handbært fé

Til handbærs fjár í sjóðstreymi teljast sjóður og óbundnar innstæður í Seðlabanka og gjaldkræfar kröfur á lánastofnanir.

Útlán

Útlán eru færð til eignar með áföllnum vöxtum, verðbótum og gengismun í árslok. Verðtryggt útlán eru færð miðað við vísitölur sem tóku gildi í byrjun janúar og gengistryggt lán miðað við gengi viðkomandi gjaldmiðla í árslok.

Afskriftareikningur útlána er myndaður til að mæta þeirri áhættu sem fylgir útlánastarfsemi. Sparisjóðurinn hefur lagt í þennan reikning með hliðsjón af metinni útlánahættu hverju sinni. Annars vegar er um að ræða framlag vegna skuldbindinga lánþega sem sérstaklega hafa verið metnar í tapshættu og hins vegar framlag á móti almennri útlánaáhættu. Hafi útlán verið metin í sérstakri tapshættu er hætt að tekjufæra vexti af þeim. Afskriftareikningurinn er dreginn frá útlánunum í efnahagsreikningi. Framlög á reikninginn eru færð í rekstrarreikningi en endanlega töpuð útlán að frádregnum innheimtum áður endanlega töpuðum útlánunum eru færð til lækkunar á afskriftareikningnum.

Sparisjóðurinn hefur leyst til sín eignir til fullnustu krafna. Eignir þessar eru færðar á áætluðu markaðsvirði á reikningsskiladegi sé það lægra en innlausnarverð viðkomandi eigna.

Skýringar

Markaðsverðbréf og eignarhlutar

Verðbréfum í eigu sparisjóðsins er skipt í veltuverðbréf og fjárfestingarverðbréf. Til fjárfestingaverðbréfa teljast bréf sem tekin hefur verið formleg ákvörðun um að eiga til lengri tíma en eins árs.

Fjárfestingarhlutabréf eru eignfærð á kostnaðarverði eða áætluðu markaðsverði ef það er lægra. Skráð veltuverðbréf eru eignfærð á markaðsvirði í lok árs. Óskráð veltuhlutabréf eru færð á kostnaðarverði eða áætluðu markaðsverði ef það er lægra.

Eignarhlutir í hlutdeildarfélagum

Hlutdeildarfélag eru félög þar sem sjóðurinn er í aðstöðu til að hafa veruleg áhrif á stjórnun þeirra, með því að taka þátt í ákvarðanatöku um fjármála- og rekstrarstefnu ýmist einn sér eða innan sparisjóðanna.

Eignarhlutir í hlutdeildarfélagum eru færðir samkvæmt hlutdeildaraðferð, en þá er hlutdeild í hagnaði eða tapi ársins fært yfir rekstrarreikning sjóðsins. Í efnahagsreikningi er færð til eignar hlutdeild í eigin fé hlutdeildarfélag.

Rekstrarfjármunir

Eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt þykir að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast sjóðnum og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar á áreiðanlegan hátt.

Varanlegir rekstrarfjármunir eru upphaflega skráðir á kostnaðarverði. Kostnaður varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni á viðeigandi stað í nothæft ástand.

Fyrningar eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti af kostnaðarverði miðað við eignarhaldstíma á árinu. Fyrningarhlutföll greinast þannig:

Fasteignir	2%
Aðrar eignir	20%

Hagnaður eða tap vegna sölu eignar er mismunur milli söluverðs og bókfærðs verðs eignarinnar á söludegi.

Lífeyrisskuldbinding

Sparisjóðurinn hefur lagt til hliðar fjárhæðir til að mæta eftirlaunaskuldbindingum vegna starfsmanna. Skuldbindingin er færð til skuldar í efnahagsreikningi í samræmi við útreikning tryggingastærðfræðings.

Skattamál

Tekjuskattur er reiknaður og færður í ársreikninginn. Útreikningur hans byggist á afkomu fyrir skatta að teknu tilliti til varanlegra mismuna á skattalegri afkomu og afkomu samkvæmt ársreikningi. Tekjuskattur er reiknaður miðað við gildandi skatthlutfall.

Tekjuskattskuldbinding stafar af mismun efnahagsliða í skattauppgjöri annars vegar og ársreikningi hins vegar. Mismunurinn stafar af því að tekjuskattstofn sjóðsins er miðaður við aðrar forsendur en reikningsskil hans.

Skýringar

Víkjandi lán

Sparisjóðurinn hefur gefið út skuldabréf í íslenskum krónum með víkjandi rétti. Bréfin hafa eiginleika eigin fjár að því leyti að þau víkja fyrir öðrum skuldum sjóðsins og teljast til eigin fjár við útreikning á eiginfjárlutfalli sbr. skýringu nr. 26 og 24.

Afleiðusamningar

Afleiður eru fjármálasamningar þar sem samnings- eða nafnverðsfjárhæðir eru ekki færðar í efnahagsreikning sparisjóðsins, ýmist vegna þess að réttindi og skyldur myndast vegna eins og sama samningsins, samningarnir taka ekki gildi fyrr en eftir lok tímabilsins eða nafnverðsfjárhæðirnar eru eingöngu notaðar sem breytur við útreikninga á öðrum stærðum. Nafnverðsfjárhæðir afleiðusamninga gefa ekki endilega til kynna fjárhæð greiðslna sem þeim tengjast eða markaðs- og útlánaáættu þeirra. Sem dæmi um afleiðusamninga má nefna framvirka gjaldmiðlasamninga, valréttarsamninga, skiptasamninga, framtíðasamninga og framvirka vaxtasamninga. Verðmæti þeirra geta meðal annars byggst á vaxtahlutföllum og verði gjaldmiðla, vöru, skuldabréfa og hlutabréfa.

Afleiðusamningar sjóðsins eru áhættuvarnarsamningar sem notaðir eru til að verja sjóðinn gegn vaxta- og gengisáættu. Áhættuvarnarsamningar eru færðir með sama hætti og þar sem varið er. Með afleiðusamningum sjóðsins er almennt stefnt að því að draga úr verð- gengis- og vaxtaáættu sjóðsins. Afkoma afleiðusamninga er færð í rekstrar- og efnahagsreikning. Samningar með jákvæða stöðu eru færðir til eignar með kröfum á lánastofnanir, en samningar með neikvæða stöðu meðal skulda við lánastofnanir.

Markaðsáætta afleiðusamninga skapast vegna breytinga á verði þeirra þátta sem samningarnir byggja á, svo sem vaxtabreytingum eða breytingum á verði gjaldmiðla og skráðra verðbréfa. Útlánaáætta endurspeglar tap sem sjóðurinn yrði fyrir ef mótaðili í afleiðusamningi gæti ekki efnt sinn hluta hans.

Framvirkir samningar um gjaldmiðla eru færðir í árseikning sjóðsins á markaðsvirði í árslok.

Sjóðir og bankainnstæður

2. Kröfur á lánastofnanir greinast þannig samkvæmt eftirstöðvartíma, í þúsundum króna:

	<u>31.12.2006</u>	<u>31.12.2005</u>
Gjaldkræfar kröfur	982.438	919.614
Bundnar kröfur í Sparisjóðabanka Íslands		
samkvæmt bindiskyldureglum.....	417.750	395.000
	<u>1.400.188</u>	<u>1.314.614</u>

Skýringar

Útlán

3. Útlán til viðskiptamanna sundurliðast þannig eftir útlánsformum í þúsundum króna:

	<u>31.12.2006</u>	<u>31.12.2005</u>
Yfirdráttarlán.....	6.965.053	5.434.254
Afurða- og rekstrarlán.....	722.894	132.588
Víxlar.....	87.390	165.582
Skuldabréf.....	20.850.269	17.350.845
Erlend endurlán	5.715.931	1.859.555
Innleystar ábyrgðir.....	0	9.281
	<u>34.341.537</u>	<u>24.952.105</u>

4. Útlán flokkast þannig eftir lántakendum, í þúsundum króna:

	<u>31.12.2006</u>	<u>31.12.2005</u>
Ríkissjóður og ríkisstofnanir	36.916	96.613
Bæjar- og sveitarfélög	529.478	414.222
Landbúnaður	179.077	182.477
Fyrirtæki:		
Sjávarútvegur	2.752.010	1.271.903
Verslun	2.840.669	1.302.063
Iðnaður og byggingarstarfsemi	2.447.007	1.961.417
Samgöngur og flutningur.....	356.371	187.877
Þjónustustarfsemi	5.523.467	3.475.432
Annað	327.023	146.690
Einstaklingar og íbúðabyggingar	19.349.519	15.913.411
	<u>34.341.537</u>	<u>24.952.105</u>

5. Útlán greinast þannig samkvæmt eftirstöðvatíma í þúsundum króna:

	<u>31.12.2006</u>	<u>31.12.2005</u>
Gjaldkræfar kröfur	682.041	875.630
Allt að 3 mánuðir	6.860.756	5.444.398
Yfir 3 mánuðir og allt að ári	1.966.370	1.494.926
Yfir 1 ár og allt að 5 árum	6.393.374	5.542.047
Yfir 5 ár	18.438.996	11.595.104
	<u>34.341.537</u>	<u>24.952.105</u>

6. Sparisjóðurinn hefur innleyst fasteignir til fullnustu krafna en í efnahagsreikningi eru þær sýndar eftir að tekið hefur verið tillit til framlags í afskriftareikning útlána.

Skýringar

7. Heildarfjárhæð óvaxtaberandi útlána í árslok nemur kr. 716 milljónum króna og sundurliðast þannig, í þúsundum króna:

	<u>31.12.2006</u>	<u>31.12.2005</u>
Útlán sem sérstakar afskriftir hafa verið færðar fyrir	241.330	444.916
Afskriftareikningur útlána	(307.762)	(245.238)
Önnur vaxtafryst útlán	<u>782.525</u>	<u>723.643</u>
Óvaxtaberandi útlán samtals	<u>716.093</u>	<u>923.321</u>

8. Breyting afskriftareiknings útlána sundurliðast þannig, í þúsundum króna:

	<u>Sérstakur</u>	<u>Almennur</u>	<u>31.12.2006</u>	<u>31.12.2005</u>
Afskriftareikningur í ársbyrjun	281.373	321.463	602.837	454.162
Framlag í afskriftareikning	348.777	34.988	383.765	329.357
Yfirtekið framlag vegna afgr. í Sandgerði	12.146		12.146	0
Endanlega töpuð útlán	(362.756)		(362.756)	(272.682)
Innkomin áður afskrifuð útlán	10.062		10.062	7.175
Afskriftareikningur í árslok	<u>289.602</u>	<u>356.451</u>	<u>646.054</u>	<u>518.012</u>

Markaðsverðbréf og eignarhlutar í félögum

9. Engin markaðsverðbréf koma til greiðslu innan árs frá uppgjörstegi.

10. Markaðsskuldabréf og önnur verðbréf með föstum tekjum greinast þannig í þúsundum króna:

	<u>Markaðsvirði</u>	<u>Bókfært virði</u>
Veltuskuldabréf:		
Skráð á Kauphöll Íslands	493.347	<u>493.347</u> 493.347
Fjárfestingaskuldabréf:		
Skráð á Kauphöll Íslands	14.787	<u>14.787</u> 14.787
Markaðsskuldabréf og önnur verðbréf alls		<u>508.134</u>

Skýringar

11. Hlutabréf og önnur verðbréf með breytilegum tekjum greinast þannig:

	<u>Markaðsvirði</u>	<u>Bókfært virði</u>
Veltuhlutabréf og hlutdeildarskírteini:		
Skráð á Kauphöll Íslands	5.922.294	5.922.294
Önnur skráð bréf	906.633	906.633
Óskráð bréf		11.630
		<u>6.840.557</u>
Fjárfestingarhlutabréf og hlutdeildarskírteini:		
Óskráð bréf		2.221.299
		<u>2.221.299</u>
		<u>9.061.856</u>

12. Fjárfestingarhlutabréf og hlutdeildarskírteini sjóðsins sundurliðast á eftirfarandi hátt:

	<u>Eignarhluti</u>	<u>Arður</u>	<u>Nafnverð</u>	<u>Bókfært verð</u>
Kista fjárfestingafélag ehf.	27,85%		465.376	930.752
Fjárfestingarfélag Sparisjóðanna hf.	23,85%		410.950	468.396
Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis	0,42%		40.401	209.231
Sparisjóður vélstjóra	1,34%		1.075	132.553
SP-fjármögnun hf.	8,84%		35.355	125.115
Bláa lónið hf.	5,13%	3.222	32.217	84.555
Verðbréfabjónusta Sparisjóðsins hf.....	15,13%		31.932	32.167
Creditinfo Group hf.	3,36%	3.633	14.774	28.408
Greiðslumiðlun hf.	1,55%		7.915	28.330
Spron factoring hf.....	12,50%		6.730	19.988
Kreditkort hf.	2,33%	4.412	11.617	17.556
Eignarhlutar í 21 öðru félagi		611	122.825	144.248
		<u>11.878</u>	<u>1.181.167</u>	<u>2.221.299</u>

13. Eignarhlutar í hlutdeildarfyrtækjum sundurliðast á eftirfarandi hátt:

	<u>Eignarhluti</u>	<u>Hagnaðar- hlutdeild</u>	<u>Nafnverð</u>	<u>Bókfært verð</u>
Reiknistofa bankanna	2,75%	0	25.588	34.199
Icebank hf	12,22%	764.912	84.499	1.451.690
Tölvumiðstöð sparisjóðanna	10,32%	(110)	17.044	28.356
Tjarnargata 12 ehf.	64,90%	183.145		187.688
		<u>947.947</u>	<u>127.131</u>	<u>1.701.933</u>

Skýringar

Varanlegir rekstrarfjármunir

14. Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig, í þúsundum króna:

	Fasteignir	Viðskiptavild	Aðrar eignir	Samtals
Stofnverð 1.1.	213.045	0	569.278	782.323
Afskrifað áður	(71.404)	0	(478.496)	(549.900)
Bókfært verð 1.1.	141.641	0	90.782	232.423
Viðbætur	35.404	175.000	4.053	214.457
Sameining við Sparisjóð Ólafsvíkur	28.225	0	86	28.311
Sérstakt endurmat	66.000	0	0	66.000
Afskrifað á árinu	(4.257)	0	(12.388)	(16.645)
Bókfært verð í lok ársins.....	267.013	175.000	82.533	524.546

Opinbert mat fasteigna Sparisjóðsins í lok árs var eftirfarandi, í þúsundum króna:

Fasteignamat	115.292
Brunabótamat	227.460

Kröfur og skuldir við hlutdeildarfélög

15. Kröfur og skuldir við hlutdeildarfyrirtæki greinast þannig í þúsundum króna:

	Eignir	Skuldir
Icebank hf.	1.295.093	544.135
	1.295.093	544.135

Eignir og skuldir háðar gengisáhættu og verðtryggingu

16. Heildarfjárhæð verðtryggðra eigna nam um 20.414 milljónum króna í árslok og heildarfjárhæð slíkra skulda nam á sama tíma um 16.487 milljónum króna.

Heildarfjárhæð eigna í erlendum gjaldmiðli nam um 8.684 milljónum króna í árslok og heildarfjárhæð slíkra skulda á sama tíma nam um 7.586 milljónum króna.

Skuldir við lánastofnanir

17. Skuldir við lánastofnanir greinast þannig samkvæmt eftirstöðvartíma, í þúsundum króna:

	31.12.2006	31.12.2005
Allt að 3 mánuðir	811.058	295.913
Yfir 3 mánuðir og allt að ári	76.299	6.864
Yfir 1 ár og allt að 5 árum	328.176	51.864
Yfir 5 ár	28.602	31.920
	1.244.135	386.561

Skýringar

Innlán

18. Innlán greinast þannig samkvæmt eftirstöðvartíma, í þúsundum króna:

	<u>31.12.2006</u>	<u>31.12.2005</u>
Gjaldkræft	11.639.564	8.174.170
Allt að 3 mánuðir	1.554.719	1.003.300
Yfir 3 mánuðir og allt að ári	811.349	740.518
Yfir 1 ár og allt að 5 árum	4.363.874	3.647.448
Yfir 5 ár	1.094.869	722.429
	<u>19.464.375</u>	<u>14.287.865</u>

Lántaka

19. Af skuldabréfum og víxlum sem Sparisjóðurinn hefur gefið út koma 744,3 milljónir króna til greiðslu innan árs frá uppgjörstegi.

Skattamál

20. Opinber gjöld til greiðslu á árinu 2007 vegna rekstarársins 2006, eru reiknuð og færð í ársreikninginn.

21. Breyting tekjuskattsskuldbindingar Sparisjóðsins á árinu greinast þannig:

	<u>31.12.2006</u>	<u>31.12.2005</u>
Skattskuldbinding í ársbyrjun	580.273	352.675
Leiðrétting á upphafsstöðu.....	3.771	0
Reiknaður tekjuskattur ársins.....	929.767	242.367
Áætlaður tekjuskattur til greiðslu	0	(14.769)
Skattskuldbinding í lok ársins.....	<u>1.513.811</u>	<u>580.273</u>

22. Tekjuskattsskuldbinding sjóðsins skiptist þannig á einstaka liði efnahagsreikningsins:

	<u>31.12.2006</u>	<u>31.12.2005</u>
Varanlegir rekstrarfjármunir	21.889	9.973
Eignarhlutar í félögum	1.491.922	570.300
	<u>1.513.811</u>	<u>580.273</u>

Skýringar

Lífeyrisskuldbinding

23. Sparisjóðurinn ábyrgist verðtryggingu á lífeyrisgreiðslum til starfsfólks. Tekið er tillit til þess við gerð ársreikningsins og hefur verið myndaður sjóður vegna lífeyrisskuldbindinga sem færður er til skuldar í efnahagsreikningi. Við útreikning skuldbindingarinnar var miðað við að raunávöxtun umfram launahækkunar verði 3,5%. Sá hluti lífeyrisskuldbindingar sjóðsins sem er vegna fyrirverandi og núverandi stjórnenda nam í árslok um 130 milljónum króna. Breyting skuldbindingarinnar á árinu greinist þannig:

Lífeyrisskuldbinding í ársbyrjun	542.707
Reiknaðir vextir og verðbætur	74.056
Viðbótarframlag.....	50.306
Greiddur lífeyrir	(19.669)
Framlag vegna endurmats	315.300
	<u>962.700</u>

Víkjandi lán

24. Víkjandi lán greinast þannig:

Lán sem teljast til A-hluta eigin fjár:	Vextir	Gjalddagi	Bókfært verð
Verðtryggt lán.....	10,0%	án gjalddaga	<u>294.725</u>
Lán sem teljast til B-hluta eigin fjár:			
Verðtryggt lán.....	7,5%	2008	75.200
Verðtryggt lán	4,8%	2014	279.775
Verðtryggt lán.....	6,3%	2014	69.899
Verðtryggt lán.....	5,3%	2015	852.244
			<u>1.277.118</u>
Víkjandi lán samtals.....			<u>1.571.843</u>

Eigið fé

25. Samkvæmt samþykktum sparisjóðsins nemur stofnfé hans 1.100 milljónum króna og er hver hlutur 1 króna.

Yfirlit um eigið fé, í þúsundum króna:

	Stofnfé	Sérstakt endurmat	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Yfirlit frá fyrra ári	1.052.188		2.711.486	3.763.674
Nýtt stofnfé	984.109		0	984.109
Sameining við Sparisjóð Ólafsvíkur	165		223.832	223.997
Endurmat stofnfjár	129.783		(129.783)	0
Sértækt endurmat fastafjármuna		66.000		66.000
Leiðrétt framlag til lífeyrisskuldbindingar			(315.300)	(315.300)
Greiddur arður			(137.237)	(137.237)
Hagnaður ársins			4.687.119	4.687.119
	<u>2.166.245</u>	<u>66.000</u>	<u>7.040.117</u>	<u>9.272.362</u>

Skýringar

26. Eigið fé í árslok er um 9.272 milljónir króna eða um 19,33% af niðurstöðutölu efnahagsreikningsins. Eiginfjárhlutfall sem reiknað er samkvæmt ákvæðum 84. gr. laga um fjármálafyrirtæki er 14,17% en má lægst vera 8%. Hlutfallið reiknast þannig, allar fjárhæðir eru í þúsundum króna:

	Bókfærð staða	Vegin staða
Áhættugrunnur:		
Bókfærðar eignir	47.969.394	30.420.350
Eignir til frádráttar eigin fé		(2.445.042)
Áhættugrunnur vegna gjaldeyrisáhættu		1.097.764
Ábyrgðir og aðrir liðir utan efnahagsreiknings	696.429	726.958
Áhættugrunnur vegna stöðu- og mótaðilaáhættu veltubókarliða		2.723.473
Áhættugrunnur samtals		<u>32.523.503</u>
Eigið fé:		
Eiginfjárbáttur A:		
Bókfært eigið fé		9.272.363
Víkjandi lán		294.725
Eiginfjárbáttur B:		
Víkjandi lán		1.231.998
Eignarhlutar í fjármálastofnunum		(6.190.021)
Eigið fé samtals		<u>4.609.065</u>
Eiginfjárhlutfall		14,17%

Aðrar rekstrartekjur

27. Þóknunartekjur sundurliðast þannig:	2006	2005
Ábyrgðabóknun.....	4.995	2.244
Aðrar þóknunartekjur	364.289	312.172
	<u>369.284</u>	<u>314.416</u>
28. Gengishagnaður (tap) sundurliðast þannig:	2006	2005
Veltuskuldabréf	48.965	16.475
Veltuhlutabréf	4.951.845	1.314.310
Gjaldeyristengdar eignir og skuldir	43.771	34.507
	<u>5.044.581</u>	<u>1.365.292</u>
29. Ýmsar rekstrartekjur sundurliðast þannig:	2006	2005
Söluhagnaður af fastfjármunum	148	2.501
Húsaleiga	10.404	0
Umboðslaun	4.477	0
Aðrar rekstrartekjur	12.411	8.522
	<u>27.440</u>	<u>11.023</u>

Skýringar

Önnur rekstrargjöld

30. Starfsmannafjöldi Sparisjóðsins umreiknaður í heilsársstörf er sem hér segir:

	31.12.2006	31.12.2005
Meðalfjöldi starfsmanna á árinu	83,88	75,66
Stöðugildi í lok ársins	90,30	76,00
þar af við bankastörf.....	88,40	72,10

31. Laun og launatengd gjöld greinast þannig í þúsundum króna:

	2006	2005
Laun	489.637	360.696
Sérgreint framlag vegna líffeyrisskuldbindingar	50.305	0
Launatengd gjöld	88.873	91.124
	<u>628.815</u>	<u>451.820</u>

32. Laun og þóknunir til stjórnar og sparisjóðsstjóra greinast þannig í þúsundum króna:

	2006	2005
Stjórnarformaður	2.376	2.185
Aðrir stjórnarmenn	4.977	4.601
Sparisjóðsstjóri	30.125	27.701
	<u>37.478</u>	<u>34.487</u>

33. Heildarfjárhæð ábyrgða og lána til stjórnarmanna og stjórnenda Sparisjóðsins voru í árslok um 45,8 milljónir króna. Lánakjör eru hliðstæð og gerist við sambærilega fyrirgreiðslu til annarra viðskiptamanna sjóðsins.

34. Þóknun til endurskoðenda sparisjóðsins sundurliðast þannig:

	2006	2005
Deloitte hf.		
Endurskoðun	5.907	3.526
Önnur verkefni	2.278	765
Aðrir endurskoðendur		
Önnur verkefni	241	364
	<u>8.426</u>	<u>4.655</u>

Skýringar

Utan efnahagsreiknings

35. Sparisjóðurinn hefur gengist í ábyrgðir fyrir viðskiptamenn sína og veitt þeim yfirdráttarheimildir á tékkareikninga. Nýttar yfirdráttarheimildir eru færðar í bækur sjóðsins en ónýttar heimildir og ábyrgðir greinast þannig í þúsundum króna.

	<u>31.12.2006</u>	<u>31.12.2005</u>
Veittar ábyrgðir vegna viðskiptamanna	898.304	696.428
Ónýttar yfirdráttarheimildir	2.072.984	1.745.798
Framvirkir samningar:		
Eignir í erlendum gjaldmiðlum	4.772.143	3.184.678
Skuldir í erlendum gjaldmiðlum	3.408.598	629.863